

VÍSINDANEFND VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

Alþingi

Erindi nr. P 130/754

komudagur 16.1.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 14. janúar, 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi með síðari breytingum, þskj. 348 - 303. mál

Vísindanefnd Vísinda- og Tækniráðs fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, þskj. 348 - 303. mál., á fundi sínum hinn 14. janúar 2004.

Frumvarpið felur aðallega í sér breytingar á lögum um einkaleyfi vegna tilskipunar 98/44/EB um lögvernd uppfinninga í líftækni. Íslenskum einkaleyfum á sviði líftækni hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Frumvarpið skýrir betur en áður hvað er einkaleyfishæft á sviði líftækni og hvað ekki. Einnig skýrir frumvarpið hvenær unnt er að öðlast einkaleyfi á genum. Vísindanefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið eða einstakar greinar þess. Nefndin telur frumvarpið samræmast Vísinda- og tæknistefnu næstu þriggja ára sem samþykkt var á fundi Vísinda- og tækniráðs 18. desember 2003. Aukið umfang vísinda- og rannsóknastarfsemi hér á landi gerir verndun hugverka og þekkingarverðmæta æ mikilvægari.

F. h. Vísindanefndar



Hafliði P. Gíslason, formaður